



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um niðurstöður kannana á upplifun nemenda af hádegismat í grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Óskað er eftir niðurstöðum kannana frá árinu 2022 um upplifun nemenda á hádegismatnum í grunnskólum. Mikilvægt er að ráðsfulltrúar séu meðvitaðir um upplifun nemenda.

Svar:

Meðfylgjandi eru niðurstöður könnunar til nemenda um mataráskriftir úr fyrirlögn Skólapúlsins skólaárið 2022-2023.


Mataráskrift

Niðurstöður úr spurningum til nemenda um mataráskriftir.

Úr fyrirlögn skólapúlsinn skólaárið 2022-2023

1. Mataráskrift


Nemendur í 6. - 10. bekk voru spurðir út í hvort þeir væru í mataráskrift og til skýringar var tekið fram; ef þú borðar nánast daglega í mötuneytinu þá ertu í áskrift.



● Já ● Nei ● Veit ekki


2. Hvernig finnst þér maturinn?

Þeir nemendur sem eru í mataráskrift eru spurðir Hvernig finnst þér maturinn sem þú færð í skólanum en valmöguleikanum borða ekki í mötuneytinu bætt við fyrir þá nemendur sem merktu ekki rétt við fyrri spurningu.



2. Af hverju ertu ekki í mataráskrift?

Þeir nemendur sem eru ekki í mataráskrift voru spurðir af hverju ekki og gefin sá möguleiki að merkja við allt sem átti við. Þeir 774 nemendur sem ekki sögðust vera í mataráskrift gáfu samtals upp 975 ástæður.



3. Aðrar ástæður

179 nemendur gáfu upp aðrar ástæður. Nemendurnir (45) svöruðu því að maturinn væri vondur, að þeir væru ekki svangir eða nenntu ekki að borða (23), meðan aðeins færri sögðust matvandir (15) eða með ofnæmi (14). Margir sögðust borða heima og/eða búa nálægt (24). Eitthvað var um óánægju og vanlíðan með matsalinn, læti og óprifnað (11). Tveir nemendur sögðu matinn vera bæði vondan og dýran.

